

Fylgiskjal II

Tillaga til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019 – 2023

Umsögn þróunarsamvinnunefndar

Með lögum nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, sbr. lög nr. 122/2015 sem tóku gildi í desember 2015, var sett á laggirnar ný þróunarsamvinnunefnd. Samkvæmt þeim lögum ber nefndinni að gefa umsögn um drög að stefnu stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Nefndina skipa alþingismenn frá öllum stjórnmalaflokkum sem sæti eiga á Alþingi, fulltrúar íslenskra mannúðarsamtaka, fulltrúar háskólastigsins og fulltrúar aðila vinnumarkaðarins.

Nefndin fjallaði um þingsályktunartillögu um stefnu alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023 á 4 fundum sínum, þann 17. og 31. ágúst og 17. og 21. sept.

Það er álit nefndarinnar að drög að þingsályktun um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023 séu vel framsett og varpi skýru ljósi á stefnuna til næstu ára. Þá er aðgerðaáætlun tengd stefnunni vel fram sett og gefur yfirlit yfir verkefni framundan.

Ísland hefur stutt markmið Sameinuðu þjóðanna um að iðnríki skuli veita sem nemur 0,7 % af vergum þjóðartekjum í þróunarsamvinnu. Nefndin lýsir ánægju sinni með það að verið sé að hækka framlög Íslands til þróunarsamvinnu en telur þó að markið 0,35% af vergum þjóðatekjum árið 2022 sé ekki nægjanlega metnaðarfullt og myndi vilja sjá þennan málaflokk settan framur í forgangs röðun af hálfu stjórnvalda. Eins væri æskilegt að sjá áætlun um hvenær Ísland stefnir á að ná 0,7% markinu.

Nefndin fagnar því að tillaga til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023 sé lögð fram á samráðsgátt stjórnvalda. Þannig er öllum Íslendingum skapað tækifæri til að gefa álit á stefnunni, auk þess sem þetta felur í sér aðgerð til að auka meðvitund borgaranna um þróunarsamvinnu.

Í kafla um framkvæmd, lið II, er talið upp samstarf við fjölþjóðlegar stofnanir. Nefndarmenn eru sammála um að í þá upptalningu vanti Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC) og leggja til að úr því verði bætt enda nýtur ICRC ákveðinnar sérstöðu hvað varðar hlutleysi og hefur skapað sér stöðu sem mikilvægur aðili á vettvangi neyðar- og mannúðaraðstoðar.

Nefndin fagnar því að íslensk stjórnvöld ætli að beita sér fyrir því á alþjóðavísu að draga úr viðskiptahindrunum gagnvart þróunarríkjum og bæta þannig markaðsaðgengi fátækustu ríkjanna. Nefndin telur þetta mikilvæga leið til að skapa tækifæri fyrir íbúana að því gefnu að viðskipti séu sanngjörn og heiðarleg (e. *fair trade*). Nefndin vill þó minna á að þróunarsamvinna fari ávallt fram á forsendum viðtakenda aðstoðar.

Fram kemur í þingsályktuninni að íslenskt atvinnulíf og stofnanir verði hvött til samfélagslegrar ábyrgðar með því að taka þátt í tekju- og atvinnuskapandi fjárfestingum fyrir fólk sem þarf að brjótast úr viðjum fátæktar. Aukin þátttaka atvinnulífs í framþróun þróunarríkja er af hinu góða að því gefnu að ávallt sé farið að alþjóðlegum skuldbindingum og grundvallarsamþykktum Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar (ILO) um réttindi launafólks.

Nefndin vill loks benda á að þótt sveigjanleiki í úthlutun framlaga geti talist kostur þegar bregðast þarf við kostnaði vegna komu flóttamanna og hælisleitenda til landsins, þá eigi það ekki vera á kostnað framlaga til uppbyggingar í þróunarríkjum, enda er þar um fyrirbyggjandi aðgerðir að ræða.

Samþykkt á fundi þróunarsamvinnunefndar 21. september 2018

Undirritað f.h. nefndarinnar:

